

Fundur í Betadeild haldinn 14. apríl 2015 í Brekkuskóla á Akureyri

Mættar voru 19 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund kl. 19:30 og bauð konur velkomnar og Jóhanna Þorsteinsdóttir kveikti á kertunum. Björk flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum og sérstaka kveðju frá Guðbjörgu landssambandsforseta sem ætlaði að vera með okkur á þessum fundi. Reynt var að ná sambandi við Guðbjörgu í gegnum Skype en það náðist því miður ekki samband.

2. Orð til umhugsunar

Halldóra Haraldsdóttir ræddi um skólastefnu kennda við uppeldisfrömuðinn Loris Malaguzzi. Stefnan er byggð á framsæknum hugmyndum um skólastarf og pólitískum hugmyndum um samfélag samhygðar. Í stefnunni kemur fram óbilandi trú á getu og mátt barnsins, skólastarf á að byggja á forsendum barna.

Það að hlusta er mikilvægur kjarni í hugmyndafræðinni. Í hlustuninni felst ekki einungis að hlusta á orðanna hljóðan og inntak heldur að lesa í og skilja hinar ólíku tjáningarleiðir barnsins. Malaguzzi segir börn hafa 100 mál eða 100 leiðir til að hugsa, tjá sig og skapa. Það er augað sem sér og höndin sem framkvæmir, talmálið sprettur úr slíkum jarðvegi. Hann sagði jafnframt að í hefðbundnu uppeldi og skólastarfi væru 99 þessara mála tekin frá börnum, þau fengju ekki að þroskast og njóta sín. Halldóra tengdi þetta viðfangsefni kvöldsins, að gera okkur sýnilegri í samfélaginu og láta gott af okkur leiða á einhvern hátt tengt námi.

Að lokum las hún ljóð sem hún hafði þýtt eftir Malaguzzi - *Hundrað mál*.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. las upp fundargerðir síðustu tveggja funda og voru þær samþykktar með smá breytingum.

4. Erindi frá stjórn

Björk formaður sagði frá Landssambandsþinginu sem verður í lðusalnum í Reykjavík 9.-10. maí. Hún hafði ætlað að spyrja Guðbjörgu landssambandsforseta um þingið en þar sem Guðbjörg var ekki á staðnum spunnust umræður um þingið og af hverju það væri alltaf haldið í Reykjavík. Ákveðið var að stjórnin setti saman fyrirspurn vegna þessa máls og sendi landsambandsstjórninni fyrir næsta aðalfund.

Björk velti upp hvað konur segðu um að halda aðalfund Betadeildar úti í bæ. Það spunnust umræður um það sem enduðu á því að Þorgerður bauð fram sitt heimili til að halda fund en síðan verður snæddur kvöldverður í veitingahúsi niðri í bæ eins og verið hefur á síðustu vorfundum.

5. Betadeild verði sýnilegri út á við – hvernig og hvað viljum við gera?

Kynning – umræður og hópvinna

Þorgerður kynnti fyrir hönd undirbúningshóps fundarins hugmyndir sem við ræddum síðan í hópum á eftir:

- Námsleg aðstoð við erlenda nemendur í framhaldsskólum.
- Að hitta og spjalla við erlendar konur.
- Að hitta og spjalla við leikskólabörn.
- Að halda íslenskan dag fyrir erlenda íbúa Akureyrar eða á Norðurlandi.
- Að halda alþjóðadag kennara hátíðlegan á Akureyri og nágrenni.

6. Kaffi og happdrætti

Þá var komið að kaffinu og dýrindis veitingum hjá kaffinefndinni.

Síðan var dregið í happdrættinu og fékk Jónína vinninginn.

7. Niðurstöður hópanna

Niðurstöður úr hópvinnum voru kynntar og tók Þorgerður við punktunum og ætlar að senda til stjórnar.

Sjá fylgiskjal um niðurstöður úr hópvinnum um samfélagslega þátttöku félagskvenna í Betadeild.

8. Fundarslit

Björk formaður þakkaði undirbúningsnefnd fundarins kærlega fyrir góðan fund og kaffinefnd fyrir góðar veitingar.

Fundi slitið kl. 10:00

Ragnheiður Sigurðardóttir, fundarritari.

Fylgiskjal

Niðurstöður úr hópvinnu um samfélagslega

þátttöku félagskvenna í Betadeild.

Fundurinn haldinn í Brekkuskóla 14. apríl 2015.

Í kynningu í byrjun fundar komu fram upplýsingar um hvað önnur félög og aðilar væru að gera í sjálfböðastarfi tengt nemendum eða erlendum íbúum Akureyrar. Einnig voru viðraðar nokkrar hugmyndir sem undirbúningsnefndin hafði fengið upplýsingar um að væri þörf fyrir í nærsamfélaginu. Haft hafði verið samband við Helgu Hauksdóttur hjá skóladeild Akureyrarbæjar en hún vinnur með erlenda nemendur, Zane hjá Alþjóðastofu og Rauða krossinn.

Þessi verkefni voru nefnd sem tækifæri:

- * Námsleg aðstoð við erlenda nemendur í framhaldsskólum.
- * Að hitta og spjalla við erlendar konur.
- * Að hitta og spjalla við leikskólabörn.
- * Halda íslenskan dag fyrir erlenda íbúa Akureyrar eða á Norðurlandi.
- * Að halda alþjóðadag kennara hátíðlegan á Akureyri og nágrenni.

Á fundinum voru: Magga, Ragnheiður Sigurðar, Ragnheiður Stefáns, Jónína, Hugrún, Jóhanna, Aníta, Anna J., Eygló, Selma, María, Halldóra, Hanna, Fríða, Ingibjörg, Sigga, Anna Þóra, Björk, Þorgerður og Elín.

Niðurstöður hópanna voru eftirfarandi – samantekt.

Námsleg aðstoð við erlenda nemendur í framhaldsskólum.

Ef farið væri út í þetta þá væru verkefni eins og að aðstoða nemendur við heimanám, lesa yfir verkefni með þeim og auka um leið orðaforða þeirra og íslenskukunnáttu. Þessi vinna færi fram í framhaldsskóla nemendanna.

Styðja þarf foreldra unglunga í grunnskóla, 10. bekk. Hópur í kringum foreldra, fjáröflun og fleira. Ræða þarf við nemendur og kanna þörfina. Sumum finnst mjög spennandi að fara í tungumálavinnu t.d. með framhaldsskólunum. Nokkrar sögðust ekki vera tilbúnar að fara í vinnu með nemendum eftir langan vinnudag í skóla.

Að halda alþjóðadag kennara hátíðlegan á Akureyri, 5. október.

Fram kom að leikskólakennarar á Akureyri halda upp á daginn, ekki alltaf á þeim degi en gera alltaf eitthvað til tilbreytingar í kringum daginn í tilefni hans, fer eftir á hvaða vikudegi hann er. Aðrir kennarahópar gera ekkert að best við vitum. Þessi hugmynd fékk nokkrar umræður í flestum hópum. Hugmynd um að Beta og Mýdeild vinni þetta saman og vera jafnvel í samstarfi við BKNE.

Þetta yrði seinni partur með innleggi og jafnvel smá málþingi, á veitingastað t.d. í sal hjá Greifanum þá gæti fólk fengið sér kaffi á eftir eða borðað saman. Innlegg, fyrirlestrar, tónlist, umræður/fyrirspurnir. Setja þarf af stað undirbúningshóp deildanna.

Einn hópur sagði þetta flotta hugmynd og halda ætti henni sér.

Einn hópurinn vill að hugmyndin verði útfærð nánar, fræðsluerindi, fyrirlestrar. Leggja áherslu á konur sem starfa í skólum. Vekja mætti athygli á erlendum nemendum, menntun kvenna í þróunarlöndum, hæfileikaríkum nemendum o. fl.

Þjóða í íslenska menningarveislu.

Hvað skipulag og vilja kvennanna varðar:

Framkvæmd: Hægt væri að aðstoða nemendur með þeim hætti að tvær konur hittu sömu nemendur reglulega og æskilegt að þær væru tvær saman og nemendur væru nokkrir. Sem dæmi gæti skipulag verið þannig að ein sem gæti farið tvisvar í mánuði og aðrar sem kæmust einu sinni færu þá til skiptis með henni.

Erfitt að skuldbinda allar. Hægt að mynda hópa sem taka að sér mismunandi verkefni. Gæta þarf að þetta verði ekki mikið viðbótarálag. Margar völdu þennan félagsskap vegna þess að það er ekki kvöð að baka, safna peningum, halda basar o.s.frv. Meira til að mennta okkur sjálfar, hitta skemmtilegar konur. Þetta eru ekki góðgerðarsamtök, mörg önnur félagasamtök vinna að slíkum málum. Flestar eru útivinnandi. Erum við tilbúnar í svona vinnu eins og kom fram í kynningunni og rætt hefur verið um? Einhverjar en ekki allar. Vilja frekar vera á eigin forsendum í góðgerðarsamtökum. Frekar að gefa meiri peninga í skjóðuna okkar sem fara til stúlnaskóla í Afríku. Mikið annað um að vera í frítíma fólks, klúbbar, vinahópar, útivinnandi, margar í fullu starfi. Þær sem eru hættar að vinna geta hugsað sér að setjast niður með erlendum konum, þrjónað eða gert eitthvað annað með þeim.

Vilja að það verkefni sem verður valið þjappi hópnum saman.

Skipta deildinni í hópa, t.d. 10 konur í hóp, sem hver vinnur að einu verkefni, verkefnin geta verið mismunandi.

Aðrar hugmyndir sem komu fram í hópunum:

Einangraðir foreldrar. Seinþroska með erlenda foreldra – vera í ömmuhlutverkinu. Verkefni í samvinnu við skóladeild – fjölskyldudeild.

Ritraðir eða greinar sem Betadeild gæti unnið að og gefið út. Einnig var bókaútgáfa rædd sbr. bókin um Elísabet Geirmundsdóttur. Dæmi um efni í ritröð (greinar) Þórunn Bergsdóttir, Halldóra Bjarnadóttir og fleiri merkar konur. Handavinnukennsla fyrir á tímum t.d. þegar við vorum sjálfar í skóla.

Samsetning hópanna á fundinum:

* Anna Þóra, Björk, Þorgerður, Ragnheiður Stefáns og Elín.

* Hanna, Halldóra, Fríða, Ingibjörg og Sígga.

* Magga, Rangheiður Sig., Jónína, Hugrún, Jóhanna og María G.

* Aníta, Anna J., Eygló, Selma og María S.

Tekið saman af Þorgerði Sigurðardóttur eftir blöðum frá hópunum og umræðum.